

**3376. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
12. júní 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Raket Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bærarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Valgarður L. Jónsson stýrir fundi í fjarveru Elsu Láru Arnardóttur.

**Fyrir tekið:**

**1. 1901009 - Fundargerðir 2019 - menningar- og safnanefnd**

72. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 5. júní 2019.

*Lagt fram.*

**2. 1904196 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar**

Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun 2019 lagður fram til samþykktar.

Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð í umboði bærarstjórnar samþykkir viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar vegna ársins 2019.*

*Breytingarnar hafa áhrif til lækkunar rekstrarafkomu samtals að fjárhæð um 11.650 þúsund krónur. Rekstrarafgangur A- hluta samstæðu- Akraneskaupstaðar á árinu 2019 er eftir samþykkt bærarstjórnar Akraness áætlaður samtals 403.329 þúsundir króna en var áætlaður 414.797 þúsundir króna eftir samþykkt 1. viðauka þann 14. maí 2019.*

*Breytingar hafa jafnframt áhrif til hækkunar á fjárfestingaáætlun ársins 2019 samtals að fjárhæð 18.400 þúsundir króna. Fjárfestingaáætlun A- hluta samstæðu Akraneskaupstaðar er eftir samþykkt bærarstjórnar Akraness áætluð samtals 1.352.283 þúsundir króna en var áætluð 1.333.888 þúsundir króna eftir samþykkt 1. viðauka þann 14. maí 2019.*

**3. 1905259 - Þjónustupörf leikskóla skólaárið 2019-2020**

Skóla- og frístundaráð óskar eftir viðbótarfjármagni við fjárhagsáætlun 2019 vegna aukningar á stöðugildum sérkennslu í leikskólum Akraneskaupstaðar. Ósk um viðauka vegna 2019 er kr. 17,7 mkr.

Kristjana Helga Ólafsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfjármagni til leikskólanna vegna sérkennslu til samræmis við úttekt skólaþjónustunnar varðandi þjónustupörf.*

*Bæjarráð í umboði bærarstjórnar samþykkir einnig viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna sérkennslu í leikskólum samtals að fjárhæð 17,7 mkr.*

*Skiptingin á milli stofnananna er eftirfarandi:*

1. Akrasel 04110-1691 - aukning um 6,9 mkr.
2. Vallarsel 04080-1691 - lækkun um kr. 860.000.
3. Garðasel 04100-1691 - aukning um 11,5 mkr.
4. Teigasel 04090-1691 - aukning um kr. 150.000.

*Auknum útgjöldum verður mætt með lækkun á handbæru fé.*

*Bæjarráð óskar eftir greiningu á þessum þjónustulið frá árinu 2006. Jafnframt felur bæjarráð bæjarstjóra að útfæra hugmyndir um fyrirkomulag í fjárhagsáætlunarvinnu sem gerir ráð fyrir auknum sveigjanleika í fjárveitingum.*

*Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.*

#### **4. 1905141 - Styrkir - íþrótt- og tómstundafélög**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 4. júní síðastliðinn var farið yfir umsóknir um styrki til íþrótt- og tómstundafélaga 2019. Ráðið vísar tillögu að úthlutun til staðfestingar í bæjarráði.

Valgerður Janusdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun styrkja til íþrótt- og tómstundafélaga á árinu 2019:*

1. Badmintonfélag Akraness kr. 603.618.
2. Fimleikafélag Akraness kr. 3.278.169.
3. Golfklúbburinn Leynir kr. 987.293.
4. Hestamannafélagið Dreyri kr. 591.161.
5. Hnefaleikafélag Akraness kr. 361.198.
6. Karatefélag Akraness kr. 357.809.
7. Keilufélag Akraness kr. 329.963.
8. Knattspyrnufélag ÍA/UKÍA kr. 4.265.342
9. Körfuknattleiksfélag Akraness kr. 703.811.
10. Sundfélag Akraness kr. 1.573.440.
11. Vélhjólaiþróttafélag Akraness kr. 446.789.
12. Knattspyrnufélagið Kári kr. 228.827.
13. Sigurfari kr. 145.313.
14. Skipaskagi kr. 437.298.
15. Klifurfélagið kr. 498.646.
16. Þjótur kr. 176.246.

*Til aðildarfélaga ÍA er úthlutað samtals kr. 14.309.776 eða 91,5% af því fjármagni sem er til úthlutunar til málefnsins (15,5 mkr.) samkvæmt tilteknum forsendum.*

17. Björgunarfélag Akraness kr. 705.607 (4,6% af fjármagninu).
18. Skátafélag Akraness kr. 607.967 (3,9% af fjármagninu).

Valgerður Janusdóttir vikur af fundi.

#### 5. 1904110 - Holtsflöt 9 - Vaktafyrirkomulag

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að heimild verði veitt fyrir auknu stöðugildi á næturvaktir við búsetuþjónustuna að Holtsflöt 9. Ráðið óskar eftir því við bæjarráð að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun til að mæta útgjaldaaukningu vegna ársins 2019 að upphæð kr. 9.000.000 á launalið búsetuþjónustu fatlaðs fólks.

Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.  
*Bæjarráð felur bærarstjóra frekari úrvinnslu málsins og frestar afgreiðslu málsins.*

#### 6. 1903222 - Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Sveinborg Kristjánsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir samning Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um félagsþjónustu og barnavernd og felur bærarstjóra frekari úrvinnslu málsins m.a. samskipti við ráðuneyti sveitarstjórnarmála vegna könnunar þess á samstarfssamningum sveitarfélaga. Samningurinn er tímabundinn til eins árs til reynslu. Bæjarráð heimildar tímabundna ráðningu starfsmanns í 60% starfshlutfall til eins árs vegna verkefnisins.*

*Bæjarráð í umboði bærarstjórnar Akraness samþykkir einnig viðauka nr. 4, að upphæð 5 millj. kr., við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna samningsins. Hækkun á tekjum á lið 02020-0530 og samsvarandi gjöld á móti á lið 02020-1691.*

*Sveinborg Kristjánsdóttir víkur af fundi.*

#### 7. 1905418 - Höfði - endurnýjun á hjúkrunarrúmum

Beiðni framkvæmdastjóra Höfða um að Akraneskaupstaður taki þátt í að endurnýja hjúkrunarrúm á Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis.

*Bæjarráð samþykkir að veita fjármagni til Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Höfða vegna endurnýjunar á 16 hjúkrunarrúmum, samtals að fjárhæð kr. 3,5 mkr. (án vsk). Bæjarráð felur bærarstjóra frekari úrvinnslu málsins í samvinnu við framkvæmdastjóra heimilsins.*

*Bæjarráð í umboði bærarstjórnar samþykkir einnig viðauka nr. 4 að upphæð 3,5 millj. kr. við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna endurnýjunar á hjúkrunarrúmum, á deild 21540-4220. Auknum útgjöldum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-4995.*

#### 8. 1905299 - Rekstur Bíóhallarinnar

Beiðni um framlengingu samnings við núverandi rekstraraðila frá 1. júlí til 31. desember 2019.

Drög að útboðsgögnum lögð fram. Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnanefndar tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að framlengja samningi við núverandi rekstraraðila út árið 2019. Bæjarráð felur bærarstjóra og forstöðumanni menningar- og safnamála að vinna málið áfram en fyrirhugað er að afgreiða málið á næsta fundi ráðsins þann 27. júní næstkomandi.*

**9. 1906021 - Skönnun bæjarblaða á timarit.is**

Á fundi menningar- og safnanefndar, sem haldinn var þann 5. júní síðastliðinn var fjallað um skönnun bæjarblaðanna Bæjarblaðið, Skagablaðið og Skessuhorn sem eru einungis til á pappír inn á timarit.is. Menningar- og safnanefnd telur mikilvægt að framkvæma verkið sem um ræðir enda mikilvægt að gera þau menningarverðmæti sem liggja í efni blaðanna aðgengileg og leitarbær.

Nefndin óskar eftir að Landsbókasafni verði falið að hefja skönnun við fyrsta tækifæri og bæjarráð veiti fjármunum til verkefnisins.

Ella María Gunnarsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að Landsbókasafni verði falið að hefja skönnun heimildanna við fyrsta tækifæri og að kostnaði við verkið, samtals að fjárhæð kr. 731.000, verði mætt með ráðstöfun af lið 20830-5946 og færð á lið 05020-4990.*

**10. 1903317 - Bæjarlistamaður Akraness 2019**

Tillaga menningar- og safnanefndar um bæjarlistamann Akraness 2019.

Ella María Gunnarsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*RÓ vîkur af fundi.*

*ÓA tekur sæti á fundinum.*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um bæjarlistamann Akraness 2019.*

*ÓA vîkur af fundi.*

*RÓ tekur sæti á fundinum að nýju.*

*Ella María Gunnarsdóttir vîkur af fundi.*

**11. 1905385 - Bresabúð - lokun Esjubrautar**

Erindi eigaenda Bresabúðar vegna lokunnar við Esjubraut.

*Bæjarstjóri upplýsti bæjarráð um þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í til þessa vegna framkvæmdarinnar. Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og leggur áherslu á að málið verði leitt til lykta með farsælum hætti.*

**12. 1906064 - Fjólulundur 2 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn um byggingarlóð við Fjólulund 2. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar við Fjólulund 2 til umsækjanda.*

**13. 1903120 - Faxflóahafnir sf. - aðalfundur 2019**

Boðað er til aðalfundar Faxflóahafna sf. sem haldinn verður í fundarsal 3. hæðar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17 í Reykjavík, föstudaginn 21. júní 2019 og hefst hann kl. 15:00.

*Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri sæki fundinn fyrir hönd Akraneskaupstaðar og hvetur jafnframt bæjarfulltrúa Akraneskaupstaðar til að mæta á aðalfundinn eigi þeir kost á því.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:05.**

Valgautur L. Jónsson  
Ragnarr Samundsson  
Rúkel Óskarsdóttir

Steinn Freyr Kristjánsson  
Steinn Adolphson